

82 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til brúagjörðar.*
 24. maí. — Í tilefni af bænarskrá þeirri, sem hingað var send með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 3. þ. m., og þar sem sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu E. Briem sækir fyrir hönd sýslunefndarinnar um lán úr viðlagasjóði að upphæð 1500 kr., sem ætlað er að verja til brúagjörðar yfir ýmsar ár, er þjóðvegir sýslunnar liggja yfir, einkanlega Hjalta-dalsá og Kolbeinsdalsá, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að hið eptiræskta lán er hjer með veitt með þeim skilyrðum, sem þjer hafið stungið upp á, sem eru að vegabótasjóður Skagafjarðarsýslu greiði vexti af láninu og endurborgi það, að ársvextir sjeu 4 af hundraði, og að lánið endurborgist á samfleyttum 15 árum með 100 kr. á ári, í fyrsta sinni árið 1880.

83 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til kirkjubyggingar.*
 24. maí. — Með þóknanlegu brjefi frá 5. þ. m., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað beiðni sóknarprestisins að Görðum á Álptanosi, prófasts sira Þórarins Böðvarssonar, þar sem hann fer þess á leit, að fá lán úr viðlagasjóðnum handa prestakalli sínu, allt að 10,000 kr. að upphæð, til þess að byggja nýja kirkju fyrir Gardasókn af höggnum steini í stað hinnar nú verandi hrörlegu timburkirkju. Hafið þjer lagt það til, að hið umbeðna veitist, en þó þannig að upphæð lánsins sje ákveðin 8000 kr., og megi af þeim þegar í stað greiða 5000 kr., en eptirstöðvarnar 3000 kr.; þegar hin nýja kirkja er samkvæmt lögmati skoðunar- og álitsgjörð orðin fullgjör, og útbúin með öllu því, sem á þarf að halda. Enn fremur hafið þjer stungið upp á, að ársvextir af láninu sjeu 4 af hundraði, og að það verði endurborgað á 40 árum með 200 kr. á ári, eða að vextir og afborgun sje 6 af hundraði á ári af hinnu upprunalegu upphæð lánsins, og yrði þá allt lánið á þenna hátt, þegar ársvextir eru taldir 4 af hundraði, endurborgað á 28 árum.

Fyrir því læt jeg hjer með þjónustusamlega tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að það er hjer með leyft, að sökjanðanum sjeu lánaðar allt að 8000 kr. af viðlagasjóðnum, þannig að vextir og endurborgun lánsins fari fram á 28 árum, í fyrsta sinni árið 1880 með 6 af hundraði af hinnu öndverðu upphæð lánsins, og eru 4 af hundraði ársvextir þeir, sem ber að lúka af hinnu ógreiddu upphæð, en aptur er hitt, sem fram yfir er, afborgun af höfuðstólnum, en að öðru leyti samkvæmt skilyrðum þeim, sem herra landshöfðinginn hefir stungið upp á.

84 — *Umburðarbrjef biskups til prófasta um uppfræðingu unglunga.*
 30. maí. Land vort er svo strjálbyggt, að óvístast verða stofnaðir barnaskólar til sveita, og við sjávarsíðuna er efnahag almennings svo varið, að þeir barnaskólar, sem þar eru stofnaðir, verða nærfellt allir að fá opinberan styrk, til þess að geta staðizt. Þess vegna er það meiri erfiðleikum bundið hjá oss, en víðast hvar annarstaðar, að menntun unglunga geti orðið almenn, eða að þeir verði fræddir um það, sem þeir hafa hæfilegleika til að nema. Það, sem næst kristindómsþekkingu og bóklestri, er einna mest áriðandi fyrir hvern mann, er að læra að skrifa og reikna, og sá, sem ekkert kann til þessa, getur ekki kallazt menntaður maður.

Að sönnu er það orðið langt um almennara nú en til forna, að unglingar læri að draga til stafs, og er það víst víða sóknarprestunum að þakka; en þó er hitt allt að einu vist, að þessu er mikið ábótavant, og að margir unglingar, sem þó hafa hæfilegleika